

Alþingi
Félags- og tryggingamálanefnd
Þórunn María Bjarkadóttir, nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 12.02.2008

Tilv. 40.13

JP/gg

Landspítali (LSH) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga o.fl., 338. mál, tegundir atvinnuleyfa, EES reglur o.fl. Um er að ræða breytingar á l. nr. 97/2002 og l. nr. 47/1993.

Frumvarp þetta hefur verið til nánari skoðunar hjá þeim aðilum/sérfræðingum á LSH sem mesta reynslu hafa af erlendum starfsmönnum á LSH og atvinnuréttindum.

1. des. 2007 voru samtals 5206 starfsmenn í 3963 stöðugildum á LSH og eru starfsmenn með erlent ríkisfang 340 frá 45 þjóðlöndum. Af þessum tölum má ráða að mikil vinna fer í að sinna þessu starfsfólki LSH bæði við upphaf starfs og meðan það starfar á LSH.

Þeir sérfræðingar á LSH sem yfirfarið hafa þetta frumvarp telja það almennt mikla réttarbót.


Af hálfu LSH eru settar fram nokkrar ábendingar sem mælt er með að skoðaðar verði nánar.

- Í 4. gr. frumvarpsins (6 gr.) er ástæða til að benda á samræmingu á tímalengd gildistíma dvalar- og atvinnuleyfa. Það að mega vinna áfram meðan umsókn um framlengingu atvinnuleyfis er í vinnslu er háð því að dvalarleyfið sé í gildi.
- Í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins er fjallað um ákvæði um heimild Vinnumálastofnunar að víkja frá skilyrði a-liðar 1. mgr. 7. gr. "vegna starfs sem krefst háskólamenntunar". Í þessu sambandi er vert að benda á að í dag eru hjúkrunarfræðingar með háskólapróf hér á landi en þeir hjúkrunarfræðingar sem ráðnir eru erlendis frá eru almennt ekki háskólamenntaðir og viðurkenndur EES staðall krefst ekki háskólamenntunar fyrir hjúkrunarfræðinga.
- Í 10. gr. frumvarpsins (19. gr.) er fjallað um meðferð umsóknar um atvinnuleyfi. Þar má skilja að sá skriflegi ráðningarsamningur sem fjallað er um í 4. mál. 1. mgr., milli útlendinga og atvinnurekenda, sé á þar til gerðum eyðublöðum Vinnumálastofnunar. Þannig hefur þetta verið fram til þessa. Reynslan er hinsvegar sú að þegar útlendingur hefur störf á LSH er gerður nýr ráðningarsamningur (oftast á íslensku) í stað hins staðlaða sem krafist er af Vinnumálastofnun. Hér ætti að nægja sá samningur sem atvinnurekandi gerir sjálfur.

Að lokum þykir LSH ástæða til að fagna ákvæði 13. gr. um heimild til að samkeyra upplýsingar Vinnumálastofnunar og annarra yfirvalda til að tryggja að útlendingar starfi löglega hér á landi. LSH hefur fundið fyrir því að erfitt hefur verið að fá upplýsingar um rétt útlendinga s.s. varðandi sjúkratryggingar erlendra ríkisborgara sem hér starfa. Hefur LSH þurft að afskrifa talsverðan kostnað vegna sjúkraþjónustu, þar sem engar upplýsingar hefur verið að fá um viðkomandi einstaklinga og hafa aðilar vísað hvor á annan.

LSH mælir með framgangi máls nr. 338 með vísan til framangreindra ábendinga.

Virðingarfyllst



Magnús Pétursson, forstjóri